

REGLUGERÐ

um viðmiðun ISN2004, grunnstöðvanet og mælistöðvar til notkunar við landmælingar og kortagerð.

I. KAFLI

Markmið.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að viðhalda og staðfesta staðla landshnitakerfis fyrir landmælingar og kortagerð á Íslandi og tryggja þannig sameiginlega viðmiðun og hnitakerfi fyrir landið allt. Jafnframt er markmiðið að auðvelda öll samskipti og samvinnu um kort og landfræðileg gögn er tengjast m.a. verklegum framkvæmdum, skipulagi og landupplýsingakerfum.

2. gr.

Landmælingar Íslands annast innleiðingu viðmiðana og staðla um landmælingar og kortagerð og leiðbeiningar um notkun þeirra. Stofnunin leggur út hnitakerfi fyrir landið allt og sér um að tryggja viðhald og nákvæmni mælistöðva í grunnstöðvanetinu.

Stofnunin skal hafa tiltækar grunnupplýsingar um hnitakerfi og mælingar sem til eru af hinum ýmsu stöðum á landinu. Stofnunin skal einnig hafa upplýsingar um hver hafi framkvæmt mælingu, áreiðanleika þeirra og aðgengi.

II. KAFLI

Viðmiðun ISN2004.

3. gr.

Viðmiðun ISN2004 ákvarðast af eftirfarandi:

1. Jarðmiðjukurfinu IGB00, tími 2004.6. Z-ás kerfisins fellur saman við snúningsás jarðar, en X- og Y-ásarnir spanna miðbaugsflötinn. X-ásinn liggur í fleti Greenwich hádegisbaugsins, en Y-ásinn hornrétt á X-ásinn til austurs.

2. Sporvölunni GRS-80 (sporvalan er hluti af alþjóðlegum staðli, **Geodetic ReferenceSystem 1980**). Kennistærðir sporvölunnar eru eftirfarandi:

a. Hálfur langás, $a = 6.378.137$ m

b. Þyngdarstuðull jarðar miðað við jarðarmiðju, $GM = 3986005 \cdot 10^8 \cdot \text{m}^3 \cdot \text{s}^{-2}$

c. Meðal hornhraði jarðar, $\omega = 7292115 \cdot 10^{-11} \cdot \text{rad} \cdot \text{s}^{-1}$

d. Pólpletja sporvölunnar, $f = 1/298,257222101$.

3. Niðurstöðum GPS-mælinga árið 2004 á grunnstöðvaneti 147 mælistöðva (ISNET2004), 3. sbr. 5. gr.

4. gr.

Landshnitakerfið, sbr. 9. gr., hefur viðmiðunina ISN2004, sbr. 3. gr., og kemur hún í stað viðmiðunarinnar ÍSN93.

III. KAFLI

Grunnstöðvanet.

5. gr.

Grunnstöðvanetið samanstendur af 147 mælistöðvum, sem mældar voru árið 2004 í landmælingaverkefninu ISNET2004, sbr. fylgiskjöl 1 og 2 með reglugerð þessari.

6. gr.

Landmælingar Íslands skulu sjá um viðhald og eftirlit með grunnstöðvanetinu. Skal stofnunin sjá um endurmælingu stöðva eftir því sem ástæða er til. Verði höggun á landi eða landshlutum skal sá hluti netsins sem höggunin tekur til mældur að nýju með viðeigandi mæliaðferðum og tækjabúnaði eins fljótt og aðstæður leyfa.

7. gr.

Endurmæla skal grunnstöðvanetið í heild sinni eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

8. gr.

Þurfi að færa til og endurmerkja mælistöð í grunnstöðvanetinu eða fjarlægja hana skal það gert undir stjórn Landmælinga Íslands.

9. gr.

Við kortagerð er almennt notað hnitakerfi á hornsannri keiluvörpun Lamberts, þar sem mælikvarðinn er einn á breiddarbaugunum $64^{\circ}15'$ og $65^{\circ}45'$ norður breiddar. Ásar hnita-kerfisins eru nefndir austurás og norðurás. Norðurásinn liggur til norðurs eftir lengdarbaug 19° vestur lengdar, en austurásinn hornrétt á norðurásinn til austurs við 65° norður breiddar. Skurðpunktur ásanna hefur hnitin austur = 700.000 metrar og norður = 300.000 metrar. Hnit skulu birt með austurhnitum á undan norðurhnitum. Stefna er mæld og reiknuð réttisælis frá norðri til austurs.

IV. KAFLI

Mælistöðvar tengdar grunnstöðvaneti.

10. gr.

Mælistöðvar tengdar grunnstöðvanetinu skulu vera varanlegar, svo sem stöpull eða málmbolti úr ryðfríu efni. Skulu þær merktar greinilega með númeri, ártali og einkennis-stöfum stofnunar eða fyrirtækis sem framkvæmir verkið sbr. 14. gr.

11. gr.

Innmæling á nýjum og gömlum punktum út frá grunnstöðvanetinu skal eigi hafa meira staðalfrávik en tveir sentimetrar til eða frá (+/- 2 sm) í legu og þrír sentimetrar til eða frá (+/- 3 sm) í hæð.

12. gr.

Endurmerkja skal mælistöð þegar eldri merking hefur verið færð til, raskast eða glatast. Endurmerkingu má aðeins framkvæma með samþykki þeirrar stofnunar eða fyrirtækis, sem upphaflega merkti mælistöðina.

Landmælingum Íslands skal tilkynnt um endurmerkinguna og afhent öll gögn þar að lútandi til skráningar (mælingar, úrvinnsla og stöðvarlýsing).

13. gr.

Ef mælistöð er endurmerkt skal hún fá nýtt nafn sbr. 14. gr. í samræmdu númerakerfi Landmælinga Íslands.

14. gr.

Nafn mælistöðva má vera allt að átta stöfum. Skulu tveir einkennisstafir þess aðila sem setur upp stöðina vera fremst og síðan allt að sex stafa tala. Seinni hluti nafnsins má þó þegar sérstaklega stendur á vera allt að átta stafa. Hafa skal samráð við Landmælingar Íslands um notkun einkennisstafa.

15. gr.

Gera skal lýsingu á mælistöð þegar hún er sett upp. Skal hún vera glögg og greinargóð þannig að hægt sé á auðveldan hátt að finna stöðina og meta notkunarmöguleika hennar. Stöðvarlýsingu skal halda við og breyta jafnóðum ef ástæða er til, svo sem vegna breytinga á leið að mælistöð eða næsta nágrenni hennar.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Landmælingar Íslands skulu veita nánari upplýsingar og leiðbeiningar um eldri landskerfi, grunnstöðvanetið, viðmiðun ISN2004, stöðvarlýsingar, svo og um önnur atriði sem reglugerð þessi fjallar um.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 9. gr. laga um landmælingar og grunnkortagerð nr. 103/2006, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð nr. 919/1999 um viðmiðun ÍSN93, grunnstöðvanet og mælistöðvar til notkunar við landmælingar og kortagerð.

Umhverfisstjórnuneytinu, 27. júní 2008.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Magnús Jóhannesson.


FYLGISKJAL 1.**Listi yfir mælistöðvar.**

	Staðarheiti	Nafn	Staðarheiti	Nafn	Staðarheiti
LM0082	Valhúsahæð	LM348A	Höfn VBLI-Stöð	OS7220	Krókakraun
LM0301	Garðskagi	LM0349	Fellsá SV	OS7225	Langamýri
LM0302	Reykjanes	LM0350	Kálfafell	OS7227	Vörðuhóll N
LM0303	Krisuvík	LM0351	Botnar	OS7367	Hálshnúkur S
LM0304	Strandahæð	LM0352	Reynisfjall	OS7371	Breiðavatn NA
LM0305	Kambar	LM0353	Heimaey	OS7373	Malarrið
LM0306	Laugarvatn V	LM0354	Seljaland	OS7375	Svínafell S
LM0307	Haukholt A	LM0355	Bjarnalón	OS7377	Reynisfjall II
LM0308	Tjaldafell S	LM0356	Langahlið	OS7378	Bugavatn N
LM0309	Fossá V	LM0357	Kjalvötn NV	OS7379	Íshólsvatn S
LM0310	Akrar	LM0358	Háumýrar NA	OS7383	Jökulheimar
LM0311	Gullborgarhraun	LM0365	Ölfusborgir	OS7384	Norðmelur
LM0312	Kirkjuhóll	LM0500	Grímsfjall	OS7385	Einhyrningur
LM0313	Hellissandur-Ríð	LM0502	Belgsholt	OS7416	Mælifell V
LM0314	Stykkishólmur	LM0503	Reykjaskóli NA	OS7441	Þeistareykir
LM0315	Knararhöfn	LM0504	Borgarvirki S	OS7442	Króksmellsellur
LM0316	Holtavörðuhéið	LM0505	Laxárbrú V	OS7461	Háiás
LM0317	Mjósund	LM0506	Selvíkurtangi SA	OS7469	Kiðagilsdrög
LM0318	Sandafell	LM0508	Valagilsá	OS7470	Gjallandi A
LM0319	Arnarnes	LM0509	Straumnesviti S	OS7472	Herðubreiðarlindir
LM0320	Mjólka	LM0511	Vegahnúkur	OS7482	Hvítárvatn
LM0321	Flókalundur	LM0514	Þurðarvatn SA	OS7485	Galti
LM0322	Flatey	LM0518	Hátunga A	OS7487	Hamragarðar
LM0323	Reykholar	LM0521	Hundadalur	OS7494	Ásbjarnarvötn
LM0324	Hrófberg	LM0524	Eyrarfjall	RH0402	Ljósalækur
LM0325	Gjögur	LM0525	Selá	RH8434	Kverkfjöll
LM0326	Blönduvirkjun V	LM0527	Kjalhraun	RH8437	Fjallsendi S
LM0327	Hegranes	LM0528	Helgufell V	RH8701	Flateyrdalur
LM0328	Samkomugerði	LM0530	Núpatjörn V	RH9602	Kvisker
LM0329	Hauganes	LM0534	Fitjá austan	VG4341	Skálafell S
LM0330	Ólafsfjörður	LM0535	Meyjarsel	AKUR	Akureyri
LM0331	Grímsey	LM0536	Hrolleifsvík	ARHO	Árholt
LM0332	Raufarhöfn	LM0537	Straumnes	HIAK	Akranes
LM0333	Þórshöfn	LM0538	Höfði	HLID	Hlíðardalsskóli
LM0334	Bakkafjörður	LM1008	Skjálfandafliót	HOFN	Höfn
LM0335	Vopnafjörður	LM1260	Ennishöfði	HVER	Hveragerði
LM0336	Geirastaðarklettur	LM1420	Reykjahlið	HVOL	Láguhvolar
LM0337	Bakkagerði	LM2003	Strýta	ISAK	Ísakot
LM0338	Sörlastaðaá	LM3359	Bjallavað S	KIDJ	Kiðjberg
LM0339	Egilsstaðir	LM3713	Keilisnes	OLKE	Ölkelduháls
LM0340	Hofteigur	NE200201	Gömlu Ragnheiðarst.	REYK	Reykjavík
LM0341	Bessastaðaá S	NE200204	Múlavegur	RHOF	Raufarhöfn
LM0342	Laugarfjall SV	NE84011	Dyngja	SELF	Selfoss
LM0343	Breiðdalsheiði	NE9907	Snæbýli	SKRO	Skrokkalda
LM0344	Teigará	OS2069	Langahlið II	SOHO	Sólheimahéið
LM0345	Kambanes	OS5491	Hattur SV	STOR	Stórolfshvoll

LM0346	Djúpivogur A	OS5861	Grænavatn	THEY	Þorvaldseyri
LM0347	Hraunkot NA	OS7012	Grunnavatnsalda	VMEY	Vestmannaeyjar
LM0348	Höfn	OS7031	Bakkahöfði	VOGS	Vogsósar

FYLGISKJAL 2.

Yfirlitskort yfir mælistöðvar.



Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.